



Nefndasvið Alþingis
b.t. fjárlaganefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 2. maí 2025

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2026-2030, 264. mál

Fjárlaganefnd hefur óskað eftir umsögn Samtaka iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2026-2030, 264. mál, 156. löggjafarþing.

Hér í framhaldi er að finna samantekt yfir helstu áherslur SI ásamt ítarlegri umfjöllun um einstaka málaflokka.

Áhersla á samkeppnishæfni

- Samtökin lýsa ánægju með áherslur í fjármálaáætluninni sem miða að því að skapa skilyrði fyrir bættu samkeppnishæfni iðnaðar og atvinnulífs en áherslur þess efnis eru aðkallandi nú þegar ytri skilyrði fara versnandi í breyttri heimsmynd.
- Bætt samkeppnishæfni snýr að því að einfalda regluverk, hætta gullhúðun og afhúða regluverkið. Gera þarf fyrirtækjum kleift að hagræða í rekstri, ekki síst til hagsbóta fyrir neytendur. Varhugavert er að auka álögur á fyrirtæki við þessar aðstæður. Flýta þarf fyrir innviðaframkvæmdum, orkuöflun og einfalda til muna uppbyggingu íbúða. Ferli framkvæmda er of flókið og tímafrekt. Brýnt er að viðhalda hvetjandi umgjörð nýsköpunar en hugverkaiðnaður er vaxandi útflutningsstoð og getur orðið sú verðmætasta við lok þessa áratugar ef rétt er á málum haldið.
- Geta samfélagsins til að mæta áföllum – viðnámsþróttur – hefur fengið aukið vægi samhliða því að áföll hafa dunið yfir á síðustu árum og áratugum. Lýsa samtökin ánægju með áherslu á þessi mál í fjármálaáætluninni. Efla þarf getu samfélagsins til þess að mæta fjölbreyttari ógnum, af mannavöldum eða vegna náttúruhamfara. Með öðrum orðum þarf að efla viðnámsþrótt samfélagsins.
- Nýlega hóf Bandaríkjastjórn að hækka tolla á innflutning og stuðla með þeim hætti að umtalsverðum breytingum á leikreglum og umhverfi alþjóðlegra viðskipta. Íslensk stjórnvöld hafa sannarlega brugðist við þessu og talað fyrir hagsmunum Íslands á alþjóðavettvangi undir forystu forsætisráðherra og utanríkisráðherra. Góð lífsskjör landsmanna byggjast á frjálsum alþjóðaviðskiptum og er því forgangsmál að halda Íslandi utan við hverja þá tolla sem ríki Evrópu eða Evrópusambandið í heild kunna að leggja á innflutning. Að sama skapi þarf að bæta viðskiptakjör við Bandaríkin, okkar vinabjóð til langs tíma.
- Ríkisstjórnin hefur boðað mótun iðnaðarstefnu sem getur orðið stökkpallur Íslands inn í næsta hagsældarskeið. Samtökin fagna þessu og munu ekki láta sitt eftir liggja svo slík stefna geti litið dagsins ljós. Iðnaðarstefna miðar að því að auka verðmætasköpun með markvissum og heildstæðum aðgerðum. Í slíkri stefnu felast umbætur í menntamálum, í uppbygging innviða, í hagstæðri umgjörð nýsköpunar, í stöðugt, hagkvæmt og skilvirkt starfsumhverfi og framboð raforku með það að markmiði að auka verðmætasköpun og framleiðni. Stjórnvöld í mörgum ríkjum hafa boðað slíka stefnu til þess að bregðast við versnandi viðskiptakjörum vegna hærri tolla. Skýrsla Mario Draghi um samkeppnishæfni innri markaðar ESB er dæmi um mótun iðnaðarstefnu en önnur

dæmi má finna beggja vegna Atlantshafsins. Mikilvægt er að fjármálaáætlunin taki mið af slíkri stefnu.

Starfsumhverfi fyrirtækja

- SI fagna áherslum á þætti fjármálaáætlunarinnar sem renna stoðum undir samkeppnishæft starfsumhverfi. Með áherslu á samkeppnishæft starfsumhverfi skapa stjórnvöld forsendur fyrir aukinni framleiðni sem skilar sér í auknum lífsgæðum landsmanna.
- SI lýsa í þessu sambandi stuðningi við meginmarkmið um sjálfbærni, varfærni, stöðugleika, festu og gagnsæi í opinberum fjármálum sem fjármálaáætlunin byggir á.
- SI fagna því sem fram kemur í fjármálaáætluninni að ríkisstjórnin ætli að leggja sín lóð á vogarskálarnar til að draga úr verðbólguþrýstingi í hagkerfinu og skapa þannig skilyrði fyrir lægri vöxtum og auknum stöðugleika.
- Er það jákvætt í þessu sambandi að samkvæmt áætluninni á að snúa halla á ríkissjóði og hinu opinbera í afgang á tíma áætlunarinnar. Með þeim hætti leggjast stjórnvöld á árarnar með Seðlabankanum og aðilum vinnumarkaðarins að ná verðstöðugleika.
- Samkvæmt fjármálaáætlun er gert ráð fyrir að skatttekjur hækki í 34% af landsframleiðslu á tímabili stefnunnar. Slíkur skattþungi er ekki í samræmi við markmið um aukna verðmætasköpun og framleiðnivöxt, og getur dregið úr hvata til nýsköpunar og fjárfestinga. SI telja að skattahækkanir sem vinna gegn virkni og samkeppnishæfni atvinnulífsins séu ekki í samræmi við sjálfbærni í opinberum fjármálum til lengri tíma.
- Samtökin fagna áherslum í fjármálaáætlun um aukna skilvirkni í samskiptum fyrirtækja og hins opinbera en samtökin hafa um árábil talað fyrir einföldun regluverks og skilvirs eftirlits á starfsemi iðnfyrirtækja.

Nýsköpun

- Fjárfesting í rannsóknum og þróun (R&P) styrkir framboðshlið hagkerfisins og vilja SI því hvetja stjórnvöld áfram á þeirri vegferð að hvetja til fjárfestingar í R&P með skattahvötum. Samtökin leggja mikla áherslu á að skattahvatar vegna R&P verði festir í sessi til frambúðar en það mun gera fyrirtækjum kleift að gera langtímaáætlanir og skapa fyrirsjáanleika. Dæmin sýna að þessir hvatar virka.
- SI fagna stefnu stjórnvalda að vísindi, tækniþróun og nýsköpun verði helstu drifkraftar sterks samfélags og samkeppnishæfs hagkerfis sem sé í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði.
- Skattahvatar R&P leiða til aukinnar verðmætasköpunar með auknum fjárfestingum í nýsköpun í iðnaði enda leiðir slík fjárfesting til hærri framleiðni sem eflir og bætir lífskjör á Íslandi til framtíðar.
- Samtökin styðja markmið um að einfalda sjóðumhverfið og minnka yfirbyggingu og efla raunverulega nýsköpun á Íslandi.
- SI hvetja stjórnvöld til að liðka fyrir komu alþjóðlegra sérfræðinga. Einfalda þarf ferla til að laða alþjóðlega sérfræðinga til landsins og efla alþjóðlegra samkeppnishæfni Íslands sem nýsköpunarlands.

Samgönguinnviðir og húsnæðisuppygging

- SI fagna þeim auknu fjárframlögum til Vegagerðarinnar sem boðuð eru í fjármálaáætluninni en þau nema 10,5 milljörðum króna til ársins 2028. Þessi hækkun mun styðja við nauðsynlegt viðhald og nýframkvæmdir í vegakerfinu sem eru löngu tímabærar.
- Hins vegar telja samtökin að boðuð framlög dugi ekki til að mæta þeim mikla viðhaldsvanda og uppsafnaðri fjárfestingarþörf sem fyrir hendi er. Í skýrslu SI og Félags

ráðgjafarverkfræðinga um ástand og framtíðarhorfur innviða, sem kom út í febrúar 2025, kemur fram að heildarviðhaldsskuld innviða nemi um 680 milljörðum króna. Þar af er mesta viðhaldsskuldin í vegakerfinu, eða á bilinu 265–290 milljarðar króna, og ástandseinkunn vegakerfisins er lægst allra innviða samkvæmt skýrslunni.

- Viðhaldsskuldin er í raun form skuldasöfnunar af hálfu hins opinbera. Með því að fresta nauðsynlegu viðhaldi eru ríki og sveitarfélög að velta kostnaðinum yfir á komandi kynslóðir.
- SI fagna fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar um stofnun innviðafélags sem myndi sjá um fjármögnun stærri samgönguframkvæmda, s.s. vegna jarðgangna og sambærilegra flýtiframkvæmda. Fjármögnun félagsins yrði utan A1-hluta fjárlaga en fyrrnefnd innviðaskýrsla sýnir að þeir innviðir sem reknir eru utan þess hluta ríkissjóðs eru heilt yfir í betra ástandi en aðrir.
- Auk aukins lóðarframboðs geta stjórnvöld haft jákvæð áhrif á framboðshliðina með veitingu hlutdeildarlána. Fjármálaáætlun gefur ekki til kynna að festa á það úrræði betur í sessi þrátt fyrir yfirlýst markmið þar um.
- Þá mótmæla SI lækkun endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu manna á verkstað úr 60% niður í 35%, þar sem sú aðgerð gengur þvert á yfirlýst markmið stjórnvalda um að auka uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í takt við þarfir samfélagsins.

Mennta og mannauðsmál

- Skortur á vinnuafli með næga menntun og þjálfun dregur úr samkeppnishæfni, framleiðni og verðmætasköpun íslensks efnahagslífs. Skiptir þar mestu mikill skortur á iðn-, STEAM og tæknimenntuðu vinnuafli. Skortur á fjármagni og húsnæði gerir það að verkum að fjölda nemenda er vísað frá námi álega. Stækkun húsnæðis verknámsskóla hefur verið boðuð og brýnt er að tryggja fjármagn til framkvæmda.
- Gert er ráð fyrir að einstaklega fjölmennir árgangar grunnskólanema hefji nám í framhaldsskóla næstu ár. Þrátt fyrir þetta stendur til að draga úr fjármögnun framhaldsskólastigsins samkvæmt fjármálaáætluninni.
- SI hefur áhyggjur af því að þrátt fyrir aukna sókn nema í ofangreint nám og augljósan skort á vinnuafli með þá færni og þekkingu sem þar er kennt er fjármögnun til framhaldsskólastigsins dregin saman í fjármálaáætluninni.
- SI benda á að stefna stjórnvalda um umbætur í iðn- og tæknimenntun eru ekki studdar með aukinni fjármögnun í fjármálaáætluninni.

Orka- og umhverfismál

- SI fagna áherslum um aðgerðir til að auka við orkuframleiðslu og liðka fyrir framkvæmdum á sviði innviðauppbyggingar, s.s. styrkingu flutningskerfis raforku.
- Heildstæða stefnu vantar sem samvinnar stefnu í orkumálum, landnýtingu, iðnaðaruppbyggingu og loftslagsmálum.
- Samtökin taka undir mikilvægi fjárfestinga opinberra fyrirtækja í raforkuframleiðslu og flutningskerfi raforku á næstu árum.
- Samtökin telja skorta á umfjöllun um hvernig fjárfestingar í flutningskerfi raforku verði fjármagnaðar. Verulegar hækkanir hafa orðið á flutningskostnaði Landsnets á sl. árum og það þrátt fyrir framangreinda innviðaskuld.
- Samtökin telja mikilvægt að mat á áhrifum liggi fyrir um áhrif hækkunar jöfnunargjalds vegna kostnaðar við flutning og dreifingu.
- Samtökin telja mikilvægt að framgangur þeirra verkefna sem eru nauðsynleg til að ná bættum árangri á sviði umhverfis- og loftslagsmála sé tryggður í fjármálaáætlun.
- Samtökin skora á stjórnvöld að tryggja að innheimt umhverfisgjöld séu raunverulega nýtt til grænna fjárfestinga og orkuskiptaverkefna.

- Samtökin kalla eftir fjármögnuðum vegvísi um orkuskipti.

1. Samtök iðnaðarins hvetja til áherslu á samkeppnishæfni


Samtökin lýsa ánægju með áherslur í fjármálaáætluninni sem miða að því að skapa skilyrði fyrir bættri samkeppnishæfni iðnaðar og atvinnulífs en áherslur á þá þætti hafa aukist nú þegar ytri skilyrði fara versnandi og breyttum áherslum í alþjóðlegum viðskiptum. Með því að bæta samkeppnishæfnina má bæta lífskör landsmanna og í leiðinni renna stoðum undir ofangreind meginmarkmið fjármálaáætlunarinnar.

Bætt samkeppnishæfni snýr að því að einfalda regluverk, hætta gullhúðun og afhúða regluverkið. Gera þarf fyrirtækjum kleift að hagræða í rekstri, ekki síst til hagsbóta fyrir neytendur. Varhugavert er að auka álögur á fyrirtæki við þessar aðstæður. Flýta þarf fyrir innviðaframkvæmdum, orkuöflun og einfalda til muna uppbyggingu íbúða. Ferli framkvæmda er alltof flókið og þarf að einfalda. Brýnt er að viðhalda hvetjandi umgjörð nýsköpunar en hugverkaiðnaður er vaxandi útflutningsstoð og getur orðið sú verðmætasta við lok þessa áratugar ef rétt er á málum haldið.

Geta samfélagsins til að mæta áföllum, þ.e. viðnámsþróttur, hefur fengið aukið vægi samhliða því að áföll hafa dunið yfir á síðustu árum og áratugum. Heimsfaraldur, náttúruhamfarir, stríðsátök og tollastríð hafa dregið fram þörfina fyrir að hagkerfið sé í stakk búið að takast á við áföll. Ísland hefur brugðist við og byggt upp umtalsverðan viðnámsþrótt gegn áföllum á þessum tíma. Lýsa samtökin ánægju sinni með áherslur í fjármálaáætluninni á þessi mál. Efla þarf getu samfélagsins enn frekar til þess að mæta fjölbreyttari ógnum, af mannavöldum eða vegna náttúruhamfara. Með öðrum orðum þarf að efla viðnámsþrótt samfélagsins.

Íslenskur iðnaður hefur sannarlega sýnt styrk og viðbragð í krefjandi aðstæðum undanfarin ár í glímu við náttúruöflin og heimsfaraldur. Samtökin hvetja til samstarfs stjórnvalda og atvinnulífs um eflingu viðnámsþróttar og fagna þeim áherslum sem snúa að viðnámsþrótt í fjármálaáætluninni.

Útflutningur Íslands 2024



Iðnaður er grundvöllur stórs hluta lífsgæða landsmanna. Verðmætasköpun greinarinnar nam 900 milljörðum króna í fyrra, sem er um fjórðungur landsframleiðslunnar. Í greininni starfa 52 þúsund manns, eða einn af hverjum fjórum á innlendum vinnumarkaði. Iðnaðurinn er jafnframt stærsta útflutningsgrein þjóðarbúsins og aflaði 750 milljarða króna í útflutningstekjur í fyrra, sem jafngildir 39% af heildarútflutningstekjum. Tvær af fjórum meginstoðum útflutningsins eru innan iðnaðar: annars vegar orkusækin iðnaður og hins vegar hugverkaiðnaður. Skattspor


iðnaðarins var 464 milljarðar króna í fyrra, stærst allra útflutningsgreina. Að auki hefur greinin veruleg jákvæð áhrif á aðrar atvinnugreinar og þar með efnahagslífið í heild.

Fjölbreytt efnahagslíf er nauðsynlegt til að tryggja sjálfbærni, stöðugleika og hagvöxt. Hagkerfi sem reiða sig á fáar atvinnugreinar eru viðkvæm fyrir sveiflum í þessum sömu atvinnugreinum. Í þessu samhengi má fagna þeirri þróun að aukin fjölbreytni hefur orðið í útflutningstekjum þjóðarbúsins á undanförunum árum.

Lífskjör okkar byggja á því að hér séu framleidd verðmæti í formi vara og þjónustu sem seld eru á erlendum mörkuðum. Forsenda þessa er greiður aðgangur að helstu mörkuðum. Með EES samningnum er Ísland aðili að innri markaði Evrópu sem er okkar mikilvægasti markaður en útflutningur til Bandaríkjanna hefur aukist undanfarin ár, sér í lagi hvað varðar vörur sem framleiddar eru af fyrirtækjum í iðnaði. Sá útflutningur hefur tvöfaldast á tveimur árum og ríflega þrefaldast á fimm árum en rekja má það til vaxtar í hugverkaiðnaði sem gæti orðið verðmætasta útflutningsstoðin við lok þessa áratugar ef allt gengur eftir. Bandaríkjamarkaður er líklega stærsti markaðurinn fyrir þann vaxandi og mikilvæga iðnað og því skiptir máli að fyrirtækin hafi greiðan aðgang að honum.¹

Nýlega hóf Bandaríkjastjórn að hækka tolla á innflutning og stuðla með þeim hætti að umtalsverðum breytingum á leikreglum og umhverfi alþjóðlegra viðskipta. Íslensk stjórnvöld hafa sannarlega brugðist við þessu og talað fyrir hagsmunum Íslands á alþjóðavettvangi undir forystu forsætisráðherra og utanríkisráðherra. Góð lífskjör landsmanna byggjast á frjálsum alþjóðaviðskiptum er er því forgangsmál að halda Íslandi utan við hverja þá tolla sem ríki Evrópu eða Evrópusambandið í heild kunna að leggja á innflutning þangað. Að sama skapi þarf að bæta viðskiptakjör við Bandaríkin, okkar vinapjóð til langs tíma.

Útflutningur hugverkaiðnaðar
Milljarðar króna



Hugverkaiðnaður hefur vaxið ört og gegnir nú lykilhlutverki sem fjórða stoðin í útflutningi. Útflutningstekjur greinarinnar námu 309 milljörðum króna árið 2024, sem er margfalt meira en fyrir örfáum árum. Greinin hefur burði til að verða verðmætasta útflutningsgrein Íslands fyrir árið 2030.

Drifkraftur frumkvöðla í greininni hefur farið saman við veigamiklar umbætur stjórnvalda hvötum til rannsókna og þróunar sem er hornsteinn nýsköpunar. Mikilvægt er að stjórnvöld tryggi áfram samkeppnishæft rekstrarumhverfi fyrir hugverkaiðnaðinn og hvetji áfram öflugt

¹ [Gæta þarf hagsmuna Íslands til austurs og vesturs í alþjóðlegu tollastríði](#), Samtök iðnaðarins, mars 2025

rannsóknar og þróunarstarf með því að festa í sessi það hvatakerfi sem er til staðar í þeim efnum. Fagna samtökin áherslu á það í fjármálaáætluninni.

Ríkisstjórnin hefur boðað mótun iðnaðarstefnu fyrir Ísland sem getur orðið stökkpallur Íslands inn í næsta hagsældarskeið. Samtökin fagna þessu og munu ekki láta sitt eftir liggja svo slík stefna geti litið dagsins ljós eins og fyrr segir.

Í þessu samhengi benda SI á áðgerðaráætlun Evrópusambandsins um hreinatvinnustefnu (e. Clean Industrial Deal, CID) sem miðar að því að styrkja samkeppnishæfni iðnaðar innan Evrópusambandsins og auka framleiðslugetu. Mikill meðbyr er með framsetningu lykilaðgerða til stuðnings iðnaði og hvetja samtökin íslensk stjórnvöld til dáða í þeirri vegferð.


2. Starfsumhverfi fyrirtækja

SI fagna áherslum á þætti fjármálaáætlunarinnar sem renna stoðum undir samkeppnishæft starfsumhverfi. Með áherslu á samkeppnishæft starfsumhverfi skapa stjórnvöld forsendur fyrir aukinni framleiðni sem skilar sér í auknum lífsgæðum landsmanna.

SI hvetja stjórnvöld til að beita sér fyrir stöðugu, hagkvæmu og skilvirku starfsumhverfi með markvissum aðgerðum til að efla samkeppnishæfni. SI lýsa í þessu sambandi stuðningi við meginmarkmið um sjálfbærni, varfærni, stöðugleika, festu og gagnsæi í opinberum fjármálum sem fjármálaáætlunin byggir á. Í aðdraganda Alþingiskosninga í nóvember 2024 lögðu SI fram ný umbótatillögur sem stuðla að heilbrigðu og skilvirku starfsumhverfi iðnfyrirtækja.² Þá gáfu SI út skýrslu um stöðugt, hagkvæmt og skilvirkt starfsumhverfi með 26 umbótatillögum sem snúa að því hvernig stjórnvöld geta eflt samkeppnishæfni og aukið þannig framleiðni og verðmætasköpun íslensks iðnaðar til hagsbóta fyrir landsmenn.³

SI fagna því sem fram kemur í fjármálaáætluninni að ríkisstjórnin ætli að leggja sín lóð á vogarskálarnar til að draga úr verðbólguþrýstingi í hagkerfinu og skapa þannig skilyrði fyrir lægri vöxtum og auknum stöðugleika. Er það jákvætt í þessu sambandi að samkvæmt áætluninni á að snúa halla á ríkissjóði og hinu opinbera í afgang á tíma áætlunarinnar. Með þeim hætti leggjast stjórnvöld á árarnar með Seðlabankanum og aðilum vinnumarkaðarins að ná verðstöðugleika. Þrátt fyrir að verðbólgan hafi lækkað nokkuð undanfarið er hún enn of há. Mikilvægt er að stöðugleika sé náð með sem minnstum efnahagslegum tilkostnaði.

Skatttekjur hins opinbera
hlutfall af landsframleiðslu




² <https://www.si.is/hugmyndalandid>

³ Stöðugt, hagkvæmt og skilvirkt starfsumhverfi, 26 umbótatillögur til að efla samkeppnishæfni í grænni iðnbýlingu, Samtök iðnaðarins 2022.

Skattahækkarnir geta grafið undan verðmætasköpun, dregið úr atvinnu og þar með nýrt skattstofna og tekjur hins opinbera. Ísland er nú þegar háskattaríki í alþjóðlegum samanburði, þar sem skatttekjur hins opinbera námu 32% af landsframleiðslu árið 2022, sem er hátt í samanburði við önnur OECD-ríki. Samkvæmt fjármálaáætlun er gert ráð fyrir að skatttekjur hækki í 34% af landsframleiðslu á tímabili stefunnar. Slíkur skattþungi er ekki í samræmi við markmið um aukna verðmætasköpun og framleiðnivöxt, og getur dregið úr hvata til nýsköpunar og fjárfestinga. SI telja að skattahækkarnir sem vinna gegn virkni og samkeppnishæfni atvinnulífsins séu ekki í samræmi við sjálfbærni í opinberum fjármálum til lengri tíma.

Skatttekjur hins opinbera fyrir OECD ríki 2022

% af landsframleiðslu



Í þessu sambandi vilja samtökin benda á að skattspor iðnaðarins, þ.e. bein og óbein skattgreiðsla iðnaðar til samfélagsins, er mjög umfangsmikið og endurspeglar mikilvægi greinarinnar í hagkerfinu. Heildarskattspor iðnaðar nam 464 milljörðum króna árið 2023 samkvæmt skýrslu Reykjavík Economics sem unnin var fyrir SI.⁴ Þröngt skattspor greinarinnar (án virðisaukaskatts) nam 220 milljörðum og er það stærst allra útflutningsgreina. Til samanburðar nam þröngt skattspor ferðaþjónustunnar 107 milljörðum og sjávarútvegsins 89 milljörðum sama ár.

Lykilforsenda þess að íslenskt atvinnulíf dafni og samkeppnishæfni þess aukist er að fyrirtæki starfi í skilvirku starfsumhverfi þar sem regluverk er skýrt og eftirlit hóflegt. Þannig skapast svigrúm til að fjölga störfum og sækja tækifæri út fyrir landsteinana til að ná í nauðsynlegar útflutningstekjur. Í því samhengi hafa SI talað fyrir því að einfalda regluverk og gæta þess að ganga ekki lengra en þörf krefur við innleiðingu á Evrópuregluverki (gullhúðun) ásamt því að fjarlægja séríslenskar viðbætur (afhúðun). Til mikils er að vinna að einfalda kerfið með sameiningu og fækkun ríkisstofnana og ná þannig fram hagræðingu. Samtökin fögnuðu því frumkvæði stjórnvalda um beiðni um tillögur um hagræðingu í rekstri ríkisins í janúar sl. Samtökin lögðu þar áherslu á aukna skilvirkni í opinberum innkaupum, endurmat á opinberum samkeppnisrekstri, sameiningu stofnana og samnýtingu eigna, afhúðun regluverks og aukna útvistun hins opinbera.⁵ Samtökin fagna því áherslum í fjármálaáætlun er varða aukna skilvirkni í samskiptum hins opinbera og atvinnulífs. Þá taka samtökin undir umfjöllun í fjármálaáætlun um tækifæri til hagræðingar í opinberum innkaupum, þar er sérstaklega nefnt aukna yfirsýn og greiningu á innkaupum ríkisins, m.a. með markvissari nýtingu rammisamninga og endurskoðun á eldri samningum. Samtökin fagna þessu og vilja bæta við að undirbúningur og kröfur um aukið gagnsæi er ekki síður til þess fallið að auka hagræði í

⁴ Skattspor iðnaðarins 464 milljarðar króna – stærst allra útflutningsgreina, Samtök iðnaðarins 2025

⁵ Tillögur Samtaka iðnaðarins varðandi hagsýni í rekstri ríkisins, 23. janúar 2025.

opinberum innkaupum. Samtökin hvetja stjórnvöld jafnframt til að halda áfram fjárfestingu í stafrænum ferlum, með útboðum, til að stuðla að langtíma hagræðingu í stjórnsýslunni.



3. Nýsköpun

SI fagna áherslum í fjármálaáætlun sem snúa að stefnu stjórnvalda sem feli í sér að vísindi, tækniþróun og nýsköpun verði helstu drifkraftar sterks samfélags og samkeppnishæfs hagkerfis sem sé í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði. Þá fagna samtökin áframhaldandi áherslu stjórnvalda á rannsóknir og þróun (R&P) en fram kemur í fjármálaáætlun að endurgreiðslur vegna rannsókna- og þróunarkostnaðar námu 13 milljörðum árið 2023. Á sama tíma fjárfestu fyrirtæki í rannsóknum og þróun fyrir tæpa 86 milljarða.

Þessar áherslur stjórnvalda hafa haft gríðarlega jákvæð áhrif á nýsköpun í landinu og mikinn vöxt hugverkaiðnaðar sem fjórðu stoð útflutnings á Íslandi. Hér á landi hefur hið opinbera varið um 0,7% af vergri landsframleiðslu til R&P og hefur það hlutfall haldist nokkuð stöðugt undanfarinn áratug eða svo. Fjárfesting einkaaðila í R&P hefur hins vegar aukist mjög og nam um 2,65% af vergri landsframleiðslu árið 2023 en var tæplega 1,0% árið 2013. Þessa aukningu má ekki síst rekja til þess að hvatar hafa verið auknir þar sem stærstu skrefin voru stigin árin 2018 og 2020. Hlutfall framlags til R&P af landsframleiðslu á síðastliðnum árum er nú yfir meðaltali Evrópusambandsríkja en hins vegar minna en í Bandaríkjunum.

Framlag til rannsókna- og þróunarstarfs

Hlutfall af landsframleiðslu, %




2018 - Þak á skattfrádrátt R&P kostnaðar tvöfaldað

2020 - R&P hvatar auknir enn frekar

Skattahvatar vegna R&P eru öflugasta tólið í verkfærakistu ríkisins til að stuðla að nýsköpun og hafa leitt til þess að fyrirtæki í hugverkaiðnaði hafa sett aukið fjármagn í rannsóknir og þróun með tilheyrandi aukningu starfa á háframleiðnistörfum og ríkulegri afkomu hagkerfisins með auknum útflutningstekjum. Þetta er því dæmi um vel heppnaða stefnumörkun sem skilað hefur tilætluðum árangri. Önnur birtingarmynd af þessum áherslum stjórnvalda er vöxtur hugverkaiðnaðar á liðnum árum. Útflutningstekjur hugverkaiðnaðar námu 309 milljörðum á síðasta ári en það eru 16% heildarútflutnings. Á meðfylgjandi myndum má sjá þessa þróun.

Fjármagn til rannsókna- og þróunarstarfs

Milljarðar kr.



Líkt og fram kemur í fjármálaáætlun snúa áskoranir málefnasviðsins m.a. að “brotakenndu og flóknu stuðningsumhverfi”. SI hafa lengi vel tekið undir það markmið stjórnvalda að byggja upp heildstætt stuðningsumhverfi og þar með talið sameiningu sjóða með það að markmiði að auka skilvirkni og yfirsýn og minnka yfirbyggingu. Mikilvægt er að leggja áherslu á langtímaárangur við fjármögnun fyrirtækja í hugverkaiðnaði og efla þannig þekkingarsamfélagið á Íslandi. Slíkt þurfi þó að gera með varkárni og tryggja að sértækir styrkir og stuðningur við mismunandi svið nýsköpunar haldist óskertir.

SI skora á stjórnvöld að festa skattahvata vegna R&D í sessi til að skapa aukinn fyrirsjáanleika og stuðla að því að fyrirtækjum í hugverkaiðnaði sé gert kleift að gera langtímaáætlanir um fjárfestingu í rannsóknum og þróun hér á landi með tilheyrandi ávinningi.

Vöxtur í hugverkaiðnaði er háður því að hér á landi sé hæfur mannauður með mikla og oft á tíðum sértæka þekkingu. Greiða þarf götu alþjóðlegra sérfræðinga til Íslands. Huga þarf að alþjóðlegum skólum og öðru sem einfaldar aðgang fólks að íslensku samfélagi. Þá hvetja samtökin stjórnvöld til þess að auka skattfrádrátt fyrir erlenda sérfræðinga en slíkt er öflugt tæki til þess að laða að sérhæfðan mannauð.

Samtökin fagna áherslu stjórnvalda að jafna aðgengi að sérhæfðri heilbrigðisþjónustu og að áfram verði unnið að því að bæta sjúkrahúskerfi með hagnýtingu tækni og nýsköpunar. Jafnframt er því fagnað að áfram verði stutt við vöxt hugverkaiðnaðar, nýsköpunar og tækni innan heilbrigðisþjónustu í samræmi við stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

4. Húsnæðisuppbygging

Mikill og alvarlegur húsnæðisskortur blasir við hér á landi á sama tíma og starfsumhverfi verktaka er þungt. Uppbygging íbúðarhúsnæðis liggur fyrst og fremst í höndum fyrirtækja í byggingar- og mannvirkjagerð sem hafa til þess fjárfest í dýrum búnaði og verðmætu starfsfólki. Tryggja þarf góð og stöðug starfsskilyrði þessara fyrirtækja, svo þau hafi kost á því að mæta fyrirbyggjandi þörf fyrir húsnæðisuppbyggingu og markmiðum stjórnvalda.

Það sem byggingariðnaðurinn þarf fyrst og fremst er stöðugt, hagkvæmt og skilvirkt starfsumhverfi, gott aðgengi að hæfu starfsfólki, skilvirkt skipulagsferli og að nægt framboð sé af lóðum til uppbyggingar fyrir fjölbreytta uppbyggingu sem spurn er eftir. Þá þarf að tryggja aukið fjármagn til rannsókna og prófana hér á landi og tryggja góða eftirfylgni með aðgerðum

í Vegvísi um mótun rannsóknarumhverfis mannvirkjagerðar.⁶ Stjórnvöld geta lagt sitt af mörkum til að höggva á þann alvarlega hnút sem til staðar er með því að beita verkfærum sem að ýta undir framboðshlið húsnæðismarkaðarins, einfalda ferla og styðja við fagmennsku og gæði.

Samkvæmt tillögunni til þingsályktun eru helstu breytingar á útgjaldamma málaflokksins á tímabilinu 2026–2030 tímabundin aukning á stofnframlögum í 7,5 ma.kr. árið 2026 og 9,5 ma.kr. árið 2027. Að því loknu falla tímabundnar hækkunar niður og gert er ráð fyrir að stofnframlög til uppbyggingar á niðurgreiddu húsnæði nemi 3,6 ma.kr. árin 2028–2030 með fyrirvara um endurskoðun verði þörfin þá metin hærri. Samkvæmt tillögunni er stefnt að því að á sama tíma og staða leigjenda verður styrkt með fjölgun niðurgreidds leiguhúsnæðis verður stutt við fyrstu kaupendur og þau sem hafa verið í fimm ár eða lengur á leigumarkaði með því að festa hlutdeildarlán í sessi og gera framkvæmd þeirra skilvirkari. Í því samhengi benda samtökin á að hlutdeildarlánakerfið hefur gefið góða raun en að þörf er á að ráðast í umtalsverðar skipulagsbreytingar á úthlutun þeirra þar sem ekki er hægt að treysta á aðgengi að þeim þegar umræddar íbúðir komast loks í sölu. Því til stuðnings er vert að nefna að við síðustu úthlutun í apríl á þessu ári bárust Húsnæðis- og mannvirkjastofnun 53 umsóknir um hlutdeildarlán að andvirði um 732 milljóna króna, en aðeins 357 milljónir króna voru til úthlutunar fyrir tímabilið.⁷ Skortur á fyrirsjáanleika úthlutana og fjármagni dregur úr trausti til kerfisins. Um er að ræða slæma þróun þar sem sveitarfélög gera sum nú kröfur til uppbyggingaraðila um að byggja íbúðir inn í umrætt úrræði sem svo er ekki aðgengilegt þegar íbúðirnar eru tilbúnar til afhendingar.

Hér ber að nefna að einn af þeim kostnaðarliðum sem hafa leitt til hækkunar á byggingarkostnaði er aukin skattlagning á húsnæði sem fólst í lækkun á endurgreiðsluhlutfalli virðisaukaskatts vegna vinnu iðnaðarmanna úr 60% í 35%.⁸ SI mótmæla umræddri lækkun á endurgreiðslu virðisaukaskatts. Aðgerðin var að mati samtakanna illa ígrunduð og byggð á röngum forsendum. Umrædd breyting hækkaði kostnað við húsbyggingar og kemur þannig til viðbótar við aðra þætti sem draga úr hvötum til uppbyggingar sbr. hækkun vaxta, hækkun á verði aðfanga, hærri launakostnaðar og óvissu í hagkerfinu. Verðbólga á Íslandi er há m.a. vegna þess ójafnvægis sem ríkt hefur á húsnæðismarkaði undanfarin ár sem stafar ekki síst af því að of lítið hefur verið byggt á undanförunum áratug miðað við eftirspurn. Aðgerðin dregur úr uppbyggingu íbúða sem hefur áhrif á markaðinn eftir 2-3 ár að teknu tillit til framkvæmdatíma sem er að jafnaði um 2 ár.

Samtökin telja nauðsynlegt að stjórnvöld hækki aftur endurgreiðsluhlutfall virðisaukaskatts, vegna vinnu við uppbyggingu íbúðarhúsnæðis, í þeim tilgangi að hvetja til frekari virkni á framboðshlið húsnæðismarkaðarins og reyna þannig að sporna gegn alvarlegum framboðsvanda markaðarins sem nú blasir við.

5. Samgönguinnviðir

Samtök iðnaðarins fagna aukinni áherslu ríkisstjórnarinnar á uppbyggingu og viðhaldi innviða sem birtist í fjármálaáætluninni. Fjárfesting í efnislegum innviðum styrkir framboðshlið hagkerfisins og leggur grunn að sjálfbærum framtíðarhagvexti. Fjárfestingar í samgönguinnviðum á borð við hafnir, flugvelli, vegi og brýr stuðla að aukinni samkeppnishæfni og afkastagetu þjóðarbúsins. Slík fjárfesting leiðir til meiri verðmætasköpunar, aukinna

⁶ <https://hms.is/frettir/vegvisir-um-motun-rannsoknarumhverfis-mannvirkjagerdar-utgafuhof>

⁷ <https://hms.is/frettir/53-umsoknir-um-hlutdeildarlán-i-april-2025>

⁸ https://www.si.is/media/_eplaca-uppsetning/Greining-SI_Ojafnvægi-a-ibudamarkadi-05-06-2023.pdf

útflutningstekna og þar með hærri tekna ríkissjóðs, sem styðja við stöðugleika og sjálfbærni í opinberum fjármálum.


Fjárfesting í innviðum skilar einnig beinum ábata fyrir heimili og fyrirtæki með minni töfum og aukinni hagkvæmni, sem sparar kostnað og dregur úr sóun. Aukin framleiðni sem af þessu leiðir styður við lægra vaxtastig og lægra atvinnuleysi. Ekki síst eykur slík fjárfesting öryggi í umferð og dregur úr slysum sem hefur bæði samfélagsleg og fjárhagsleg áhrif.

Vegasamgöngur hafa grundvallarþýðingu fyrir þjóðina. Vegakerfið er lífæð samfélagsins og gegnir lykilhlutverki í verðmætasköpun og öflun útflutningstekna auk þess sem mikilvægi þess er óumdeilt út frá byggðasjónarmiðum. Þrátt fyrir þetta mikilvægi hefur fjárfesting í vegakerfinu verið ófullnægjandi á undanförunum árum og viðhaldi þess ekki verið nægjanlega sinnt. Þetta hefur grafið undan virkni og getu kerfisins til að takast á við vaxandi umferðarálag.

Samtökin fagna þeim auknu fjárframlögum til Vegagerðarinnar sem boðuð eru í fjármálaáætluninni en þau nema 10,5 milljörðum króna til ársins 2028. Þessi hækkun mun styðja við nauðsynlegt viðhald og nýframkvæmdir í vegakerfinu sem eru löngu tímabærar.

Ástandseinkunn innviða

Skali 1-5



Hins vegar telja samtökin að boðuð framlög dugi ekki til að mæta þeim mikla viðhaldsvanda og uppsafnaðri fjárfestingarþörf sem fyrir hendi er. Í skýrslu SI og Félags ráðgjafarverkfræðinga um ástand og framtíðarhorfur innviða, sem kom út í febrúar 2025, kemur fram að heildarviðhaldsskuld innviða nemi um 680 milljörðum króna.⁹ Þar af er mesta viðhaldsskuldin í vegakerfinu, eða á bilinu 265–290 milljarðar króna, og ástandseinkunn vegakerfisins er lægst allra innviða samkvæmt skýrslunni.

Viðhaldsskuldin er í raun form skuldasöfnunar af hálfu hins opinbera. Með því að fresta nauðsynlegu viðhaldi eru ríki og sveitarfélög að velta kostnaðinum yfir á komandi kynslóðir. Afleiðingarnar eru ekki aðeins fjárhagslegar heldur hefur þetta einnig áhrif á öryggi vegfarenda og lífsgæði almennings. Afleiðingar þess að vanrækja viðhald eru mjög alvarlegar og kostnaðarsamar. Því lengur sem viðhaldi er slegið á frest, því meiri verður kostnaðurinn þegar loks er ráðist í aðgerðir. Vegir sem ekki fá reglulegt viðhald ganga hraðar úr sér og þurfa dýrari

⁹ [Innviðir á Íslandi 2025 – Ástand og framtíðarhorfur](#), Samtök iðnaðarins og Félag ráðgjafarverkfræðinga, 2025


lagfæringar síðar meir. Á meðan uppfyllir vegakerfið ekki lágmarkskröfur, hamlar atvinnulífi, eykur slysa hættu og minnkar möguleika fólks til að búa og starfa í dreifðari byggðum.

Auk viðhaldsskuldur er veruleg þörf á nýfjárfestingum í vegakerfinu til að mæta aukinni umferð og breyttri notkun. Umferð á þjóðvegum hefur aukist um 67% á síðastliðnum 10 árum, vegna fólksfjölgunar, fjölgunar ferðamanna og aukinna þungaflutninga. Vegakerfið hefur ekki verið stækkað í takt við þessa þróun, sem skapar bæði flöskuhálsa og hættu á aukinni slysatíðni.

Í þessu samhengi fagna samtökin fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar um stofnun innviðafélags sem myndi sjá um fjármögnun stærri samgönguframkvæmda, s.s. vegna jarðgangna og sambærilegra flýtiframkvæmda. Fjármögnun félagsins yrði utan A1-hluta fjárlaga en fyrirnefnd innviðaskýrsla sýnir að þeir innviðir sem reknir eru utan þess hluta ríkissjóðs eru heilt yfir í betra ástandi en aðrir.

6. Mennta- og mannauðsmál

Í nýrri skýrslu Alþjóðabankans kemur fram að íslensk fyrirtæki, þar á meðal fyrirtæki í iðnaði, glíma við ýmsar hindranir í starfsumhverfinu sem geta dregið úr samkeppnishæfni, framleiðni og verðmætasköpun. Samkvæmt stjórnendum fyrirtækjanna er stærsta hindrunin skortur á vinnuafli með næga menntun og þjálfun.¹⁰



Ítrekað hefur komið fram í könnunum meðal íslenskra fyrirtækja að helst vanti fólk með iðnmenntun, auk þess sem mikil þörf er á sérfræðimenntuðu vinnuafli til að mæta vexti í hugverkaiðnaði. Aukin eftirspurn hefur verið eftir iðnmenntuðum á vinnumarkaði og mikill áhugi er á náminu. Niðurstöður könnunar SI meðal forsvarsmanna iðn- og verknámsskóla landsins sýnir að skólarnir eru nú þegar að fullu nýttir en 600–1.000 umsóknum er hafnað árlega vegna skorts á aðstöðu og fjármagni.¹¹ Talið er að bæta þurfi árlegan rekstrarstuðning um allt að tvo milljarða króna til að mæta eftirspurn.

Færnimisræmi á vinnumarkaði hefur þegar áhrif á framleiðni og hagvöxt. Í rafiðnaði vantar um 800 rafvirkja á næstu fimm árum og könnun meðal stjórnenda sýnir að 63% telja menntakerfið ekki muni mæta færniþörfum fyrirtækja sinna. Slík staða dregur úr nýtingu

¹⁰ [Enterprise Surveys, Iceland 2024, Country Profile, The World Bank 2025](#)

¹¹ https://www.si.is/media/eplica-uppsetning/Greining-SI_Skortur-idnskola-a-fjarmagni-og-videigandi-husnaediveldur-skorti-a-idnmenntudum_13-12-2023.pdf

nýsköpunartækifæra, hægir á grænum umskiptum og dregur úr framþróun tæknigreina og hugverkaiðnaðar.

Í þessu sambandi lýsa samtökin áhyggjum vegna verulegs samdráttar í fjármögnun framhaldsskólastigsins sem boðaður er í fjármálaáætlun, eða um tæplega 8 milljarða króna. Á sama tíma hafa stjórnvöld boðað breytingar í menntamálum svo sem gjaldfrjáls námsgögn og aukinn stuðning við iðn- og tækninám, sem er ekki í samræmi við áætlaða fjármögnun.

Gert er ráð fyrir að einstaklega fjölmennir árgangar grunnskólanema hefji nám í framhaldsskóla næstu ár. Þrátt fyrir þetta stendur til að draga úr fjármögnun framhaldsskólastigsins samkvæmt fjármálaáætluninni. Meðalaldur framhaldsskólanema hefur lækkað og aukinn kostnaður vegna nýrra kjarasamninga við kennara eykur rekstrarálag skólanna. Fjárveitingar samkvæmt fjármálaáætlun duga hvorki til að viðhalda núverandi þjónustustigi né til að framfylgja stefnu stjórnvalda í menntamálum. Samtökin benda á að nemendaígildum hefur ekki fjölgað í takt við fólksfjölgun í landinu.

Í ljósi þessa er einnig áhyggjuefni að fjármálaáætlunin tekur ekki mið af fyrirhuguðum framkvæmdum sem samþykktar voru af hálfu stjórnvalda árið 2024. Þessar framkvæmdir snúa að skólastofnunum sem gegna lykilhlutverki í iðn-, verk- og tækninámi og eru nauðsynlegar til að mæta núverandi og framtíðar eftirspurn eftir menntuðu starfsfólki. Að auki lækkar fjárfestingarliður framhaldsskólastigsins úr 1.095 milljónum króna árið 2025 niður í 748 milljónir árið 2030, sem dregur enn frekar úr svigrúmi til endurbóta og nauðsynlegra framkvæmda.

7. Orka- og umhverfismál

Næstu ár verða mjög krefjandi þegar kemur að orkumálum á Íslandi. Bruni jarðefnaeldsneytis hefur aukist samhliða vexti hagkerfisins og skerðingum á afhendingu raforku. Framboð raforku, eða í það minnsta uppsett afl, mun ekki aukast fyrr en að nokkrum árum liðnum og fram að því verður skortur sem mun hafa ýmsar afleiðingar.

SI fagna áherslum um aðgerðir til að auka við orkuframleiðslu og liðka fyrir framkvæmdum á sviði innviðauppbýggingar, s.s. styrkingu flutningskerfis raforku. Samtökin hafa um árabíl varað við stöðu raforkumála þar sem framboð mætir ekki eftirspurn. Sú staða hefur leitt til hærra raforkuverðs, skerðinga á forgangorku og dregið úr útflutningstekjum, hagvexti og samkeppnishæfni fyrirtækja. Slæm staða í lónum Landsvirkjunar eykur vandann. Orkusækinn iðnaður stendur undir 23% af útflutningstekjum Íslands en tapaðar útflutningstekjur vegna skerðinga á afhendingu raforku til stórnotenda á fyrri hluta síðasta árs námu 14-17 milljörðum líkt og samtökin bentu á í greiningu sinni frá 17. maí 2024. Þá bentu samtökin á að raforkuverð hefði hækkað um ríflega 16% á síðustu tólf mánuðum en viðlíka hækkun hefði ekki sést í 13 ár. Þetta er skýr birtingarmynd af stöðunni í raforkumálum þar sem framboð hefur ekki fylgt vexti og viðgangi samfélagsins undanfarin ár.

Samtökin taka undir mikilvægi fjárfestinga opinberra fyrirtækja í raforkuframleiðslu og flutningskerfi raforku á næstu árum. Heildstæða stefnu vantar sem samtvinnar stefnu í orkumálum, landnýtingu, iðnaðaruppbyggingu og loftslagsmálum. Stefna byggð á langtímamarkmiðum þjóðarinnar með sjálfbærni og hagkvæmni að leiðarljósi er mun vænlegri til framþróunar en sú aðferð sem nú er viðhöfð og tekur á einangraðan hátt einungis til orkunýtingar annars vegar og umhverfis hins vegar. Slík stefna væri innlegg í iðnaðarstefnu og tryggði betur samhengi hlutanna, sem gerði orkufyrirtækjum auðveldara að hugsa fram á

vegin, rannsaka virkjanakosti á raunhæfari og markvissari hátt með tilliti til orkunýtingar, sjálfbærni og umhverfisáhrifa. Samtökin telja brýnt að stefna stjórnvalda um aukna orkuöflun verði tengd við lög nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun.

Í nýlegri skýrslu SI og Félags ráðgjafarverkfræðinga kemur fram að fjárfesta þurfi í flutningskerfi raforku fyrir 86 milljarða króna og í dreifikerfi raforku fyrir 5 milljarða króna. Samtökin telja skorta á umfjöllun um hvernig fjárfestingar í flutningskerfi raforku verði fjármagnaðar. Verulegar hækkanir hafa orðið á flutningskostnaði Landsnets á sl. árum og það þrátt fyrir framangreinda innviðaskuld. Nýleg greining sýnir að flutningskostnaðar raforku á Íslandi er ekki samkeppnishæfur. Samtökin telja mikilvægt að mat á áhrifum liggi fyrir um áhrif hækkunar jöfnunargjalds vegna kostnaðar við flutning og dreifingu áður en ákvörðun um slíkt verður tekin.

Samkvæmt áætluninni munu fjárheimildir í Orkusjóð lækka um 2.500 m.kr. árið 2026. Enn fremur fellur niður 250 m.kr. fjárheimild til aukins stuðnings við orkuskipti af loftlagsfjármagni og 150 m.kr. vegna átaks í jarðhita. Árlegar fjárheimildir til orkumála og orkuskipta hækka þó um 500 m.kr. Samtökin telja mikilvægt að framgangur þeirra verkefna sem eru nauðsynleg til að ná bættum árangri á sviði umhverfis- og loftlagsmála sé tryggður í fjármálaáætlun. Þannig er t.a.m. mikilvægt að efla og styrkja þá grænu hvata, s.s. opinbera sjóði eða skattalega hvata, sem nauðsynlegir eru til að ná settum markmiðum stjórnvalda um kolefnishlutleysi. Þá leggja samtökin áherslu á að innheimt umhverfisgjöld séu raunverulega nýtt til grænna fjárfestinga og orkuskiptaverkefna en ekki hefur ríkt gagnsæi um það hvert þeir fjármunir fara. Samtökin skora á stjórnvöld að bæta þar úr og tryggt verði að innheimt gjöld, s.s. vegna sölu á ETS-heimildum eða gjaldtöku kolefnisgjalda, renni aftur til atvinnulífs í formi hvata eða styrkja á sviði umhverfis- og orkumála. Samtökin kalla eftir fjármögnuðum vegvísi um orkuskipti.

8. Endurgreiðslur vegna kvikmyndaframleiðslu

Í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar er réttilega lögð áhersla á tækifærin sem felast í íslenskri kvikmyndagerð og mikilvægi þess að framtíðarútflutningur Íslands byggist í auknum mæli á tækni og hugviti. Samtökin fagna þessari áherslu og benda á mikilvægi þess að fjárheimildir endurspegli raunverulegt umfang greinarinnar, enda sýnir nýleg skýrsla að skattalegt framlag íslenskrar kvikmyndagerðar nam 7,4 milljörðum króna árið 2023, en styrkir og endurgreiðslur voru samtals 4,7 milljarðar króna á sama ári.¹² SI áréttar að síðustu ár hafi fjárheimildir til endurgreiðslna verið ítrekað vanáætlaðar sem skapað hefur óvissu fyrir framleiðendur, aukinn fjármagnskostnað og tafir á endurgreiðslum. Því leggur SI til að fjárheimildir verði hækkaðar í samræmi við raunfjárhæðir undanfarinna ára til að tryggja skilvirkni og fyrirsjáanleika endurgreiðslukerfisins. Í því sambandi er einnig mikilvægt að gera langtímasamning um Kvikmyndasjóð og viðhalda einföldu, gagnsæju og árangursríku endurgreiðslukerfi sem hefur skilað ríkinu umtalsverðum ávinningi.

¹² [Skattaleg áhrif íslensks kvikmyndaðnaðar árið 2025](#), Reykjavík Economics 2025.



Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in blue ink, reading 'Sigurður Hannesson', written over a horizontal line.

Sigurður Hannesson

framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in blue ink, reading 'Ingólfur Bender', written over a horizontal line.

Ingólfur Bender

aðalhogfræðingur Samtaka iðnaðarins